

Nd.

471. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. liður 3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. 1. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Við sömu lagagrein bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóðs samkv. 1. og 3. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

2. gr.

Aftan við 3. tölulið 6. gr. laganna bætist:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og taka til framlaga til sjóðsins á árinu 1941.